



Menningar- íþrótt- og tómstundaráð

### **Gjaldtaka á skíðasvæðum fyrir 67 ára**

Á fundi öldungaráðs þann 10. janúar s.l. fór fram umræða um gjaldtöku á skíðasvæðum fyrir 67 ára, sbr. 2. lið fundargerðar öldungaráðs sama dag.

Öldungaráð lagði fram svohljóðandi bókun:

Öldungaráð Reykjavíkurborgar lýsir yfir vonbrigðum yfir vinnubrögðum samstarfsnefndar skíðasvæða á höfuðborgarsvæðinu og stjórn samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðum við uppfærslu og endurskoðun gjaldskrár fyrir skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins. Öldungaráð áttar sig á mikilvægi þess að endurskoða gjaldskrár í ljósi mikilla fjárfestinga síðustu misserin og hærri rekstrarkostnaði vegna þeirra en brýnt hefði verið að leita umsagnar hagaðila eins og Öldungaráðs í vinnuferlinu og kalla eftir samtali við þeim hugmyndum að setja þennan tiltekna aldurshóp á gjaldskrá. Öldungaráð gerir kröfu á samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, að þegar um jafn veigamiklar stefnubreytingar verða á högum og lýðheilsu eldra fólks, eins og um ræðir í þessu tilviki, að leitað verði eftir umsögnum við ráðið.

Samþykkt var að senda bókun ráðsins til menningar- íþrótt- og tómstundaráðs, samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og samstarfsnefndar skíðasvæða á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllst,  
Elísabet Pétursdóttir  
*Miðlæg stjórnslá*  
*Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa*

Samrit:

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Samstarfsnefnd skíðasvæða á höfuðborgarsvæðinu.